

Umsögn um þingskjal 1130. mál. Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Gæta þarf að í áframhaldandi og framtíðar uppbyggingu atvinnusvæðisins á Reykjanesi og taka tillit til sérstöðu nýsköpunarfyrirtækja í stuðningi stjórnvalda í tengslum við hamfarirnar í Grindavíkurbæ. Lagafrumvarpið um tímabundin rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík nær ekki til nýsköpunarfyrirtækja sem eru í uppbyggingarfasa án rekstrartekna. Til þess að skýra betur þessa sérstöðu fylgir hér bakgrunnur og staða skelfiskræktunar fyrirtækisins Sæbýli (Auroa Abalone).

Bakgrunnur

Síðastliðin 15 ár hefur Sæbýli (Aurora Abalone) byggt upp klakstofn japanskra Ezo sæeyrna og samhliða þróað tækni og framleiðsluaðferðir sem henta aðstæðum til hlýsjávareldis hérlendis með nýtingu á hraunsíuðum sjó, jarðvarma og grænni raforku. Uppsetning ræktunarinnar byggir á lóðréttu eldiskerfi og stýringu allra helstu umhverfispátta (hita, sýrustigi, súrefni o.fl) sem er nýnæmi í sæeyrnaeldi.

Sæeyru eru sæsniglar og eru ein verðmætasta eldistegund í heimi og á síðasta ári var heimsframleiðslan 240 þúsund. Áform Sæbýlis eru í fyrstu að byggja upp 200 tonna framleiðslu til útflutnings, sem svo er mögulegt að fimmfalda á næstu 10 árum. Miðað við kílóverð á sæeyrum sem fást í dag má áætla að 1.000 tonna ársframleiðsla geti skilað allt að 10 milljörðum króna í útflutningsverðmætum.

Uppbygging Sæbýlis í Grindavík

Árið 2022 stækkaði Sæbýli við rekstur sinn og flutti starfsemina í eigið 3.200 fm. húsnæði við Ægisgötu 1 í Grindavík. Í samstarfið við Auðlindagarð HS Veitna og Grindavíkurbæ var borað eftir köldum hreinum sjó og jarðvarmi nýttur til þess að skapa kjöraðstæður ylsjávarrækt sæeyrna. Miklu hefur nú þegar verið kostað til við uppbyggingu starfsstöðvarinnar í Grindavík og var framleiðsla ungvíða hafin af fullum krafti. Í byrjun nóvember sl. voru um 1.5 milljón dýra í stöðinni sem áttu að ná markaðsstærð 30-36 mánuðum síðar.

Áhrif jarðhræringa á rekstur Sæbýlis í Grindavík

Grunnur að ylsjávareldi Sæbýlis er aðgangur að stöðugu aðgangi að heitu vatni, rafmagni, sjó og vinnuafl. Eftir að jarðhræringar hófust í og við Grindavík hefur það haft mikil áhrif á starfsemi og framtíðar uppbyggingu Sæbýlis. Sú staðreynd að ekkert heitt vatn hefur verið afhent í ylsjávarrækt félagsins í húsnæði félagsins á hafnarsvæðinu frá síðasta gosi hefur haft varanleg áhrif á rekstur félagsins. Tíðar aðgangstakmarkanir og rafmagnsleysi hefur svo komið í veg fyrir að Sæbýli hafi geta viðhaldið fjölgunum og lífmassa uppbyggingu.

Algjör framleiðslustöðvun hefur því átt sér stað hjá Sæbýli sem þýðir að engin verðmæti hafa verið sköpuð síðustu mánuði. Hver mánuður í framleiðslustöðvun þýðir um 100 m.kr. tekjutap fyrir fyrirtækið eftir 36 mánuði miðað við 200 tonna framleiðslu.

Sérstaða Sæbýlis

Ljóst er að umrætt frumvarp nær ekki yfir starfsemi Sæbýlis og framtíðartekjutap þess. Sérstaða Sæbýlis lítur aðallega því að um framleiðslufyrirtæki er að ræða sem er þrátt fyrir metnaðarfullar framtíðaráætlanir ekki enn farið að afla tekna. Á þessum óvissutíma hefur fyrirtækið við krefjandi aðstæður viðhaldið ráðningasambandi við níu starfsmenn, lagt sig fram við að lágmarka tjón og sinnt eldisdýrum eftir bestu getu.

Möguleikar í tilfærslu starfsemi innan sama atvinnusvæðis

Tryggt aðgengi að rafmagni, heitu vatni og sjó er nauðsynlegt áframhaldandi framleiðslu Sæbýlis, sem og aðgengi starfsmanna að eldisstöðinni sjálfri. Enda er um lífandi dýr að ræða sem þurfa réttar aðstæður og fóðrun til að lifa og vaxa. Þar af leiðandi þarf Sæbýli að flytja sig um set. Sæbýli hefur tryggt sér lóð í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi og hefur möguleika að koma þar upp einföldu stálgrindahúsi til að geta hafið starfsemi þar sem fyrst til að lágmarka framtíðartekjutap félagsins og viðhalda starfsemi þess.

Tillögur að stuðningi frá stjórnvöldum

Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að styðja vel við bakið á stórhuga nýsköpunarfyrirtækjum sem hafa það að marki að efla útflutningstekjur landsins. Fyrirtækið er ekki með tekjur á þessu uppbyggingartímabili og mikilvægt fyrir Sæbýli að viðhalda ráðningarsambandi og þekkingargrunni sem býr í mannauði félagsins, sem og að vera áfram hluti af uppbyggingu nýsköpunar á Íslandi.

Félagið er með fjármuni bundna í fasteign í Grindavík sem vegna náttúruhamfara á svæðinu er ekki mögulegt starfssvæði fyrir þann stöðuleika sem þarf í uppbyggingu ylsjávarræktarinnar. Stuðningur í formi uppkaupa húsnæðis, flutningsstyrkja eða í formi láns eða lánatrygginga til þess að geta flutt þessa nýsköpunarstarfsemi innan sama atvinnusvæðis væri félaginu mikilvægt til framtíðar uppbyggingar.

f.h. Sæbýlis hf.



Vala Valþórsdóttir

Forstjóri